

Ár 2021, föstudaginn 21. maí, kl. 12:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni (dómsformanni), Feldísi Lilju Óskarsdóttur og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

**Fyrir er tekið
mál nr. 1/2021
Atvik í æfingaleik Magna og Aftureldingar**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Feldís Lilja Óskarsdóttir og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 14. maí 2021, þar sem leikmaður sem lék með Magna í æfingaleik gegn Aftureldingu, Viktor Smári Elmarsson (hér eftir VSE), var úrskurðaður í fimm leikja bann.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 18. maí 2021 þar sem VSE gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði hrundið og staðfest verði að áfrýjandi hafi ekki gerst brotlegur við gr. 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

II

Málavextir voru þeir að skýrsla frá dómara í æfingaleik á milli Magna og Aftureldingar, sem fram fór á Dalvíkurvelli þann 23. apríl, barst til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ fyrir fund nefndarinnar þann 27. apríl. Skýrsla dómara er svohljóðandi:

„Í lok leiks komu leikmenn og starfsmenn og þökkðu fyrir leikinn og allir voru rólegir og sáttir með leik og fóru allir í sýna áttina en ég byrjaði að labba í klefa. Ég var komin hálf leið þegar ég sá að eitthvað var að gerast á vellinum. Leikmenn og starfsmenn voru allir saman, og leikmenn Aftureldingar héldu sínum leikmanni í fangi og leikmenn Magna voru að taka sinn leikmann í burtu.

Ég labbaði þá til baka og spurði hvað hefur gerst, því ég heyrði ekki neitt að einhver var að rifast eða neitt, þetta gerðist bara alt í einu, allir voru rólegir og svo eftir nokkrar sekúndur gerðist þetta.

Þjálfari Aftureldingar sagði mér að leikmaður Magna [Viktor Smári Elmarsson] sagði eitthvað rasískt til leikmanni Aftureldingar, eins og " Polska drasll" en ég sem sagt, hef ekki heyrt neitt sjálf, þetta er bara það sem þjálfari sagði mér.

Allir fóru síðan í sýnar áttir fljótlega og þá kom þjálfari Magna með sýnu leikmanni sem hefur sagt þetta, og leikmaður sjálfur hefur viðurkennt að hann hefur sagt þetta, en hann bað afsökunar til þjálfara Aftureldingar, þjálfara Magna og mér sjálf, og sagði að þetta var ekki í lagi sem hann gerði og vilji líka biðja afsökunar til viðkomandi leikmanns.

Leikmaður Aftureldingar vildi samt ekki koma úr klefanum til að taka við afsökunar, því hann var niðurbrotin, að sögn þjálfara hans.“

Í kjölfar skýrslu dómara í framangreindum leik ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að falast eftir greinargerð frá knattspyrnufélaginu Magna áður en málið yrði tekið fyrir. Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 4. maí 2021 lá fyrir greinargerð frá knattspyrnufélaginu Magna. Að henni virtri var það mat aga- og úrskurðarnefndar að framkoma sú sem lýst er í skýrslu dómara í framangreindum leik gæti varðað við ákvæði 15. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við 6. gr. sömu reglugerðar bar aga- og úrskurðarnefnd því að fara með málið sem kærumál og skulu þau fá flýtimeðferð þegar við á. Í samræmi við reglur um meðferð kærumála ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að málið skyldi fá flýtimeðferð og óskaði eftir greinargerð/athugasemdum frá hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn 11. maí nk.

Föstudaginn 14. maí 2021 kvað aga- og úrskurðarnefnd upp úrskurð í málinu þess efnis að leikmaðurinn VSE skyldi sæta leikbanni í 5 leiki í öllum keppnum á vegum KSÍ og skyldi sæta banni frá Dalvíkurvelli á meðan leikbannið varir. Vegna brotsins var knattspyrnudeild Magna jafnframt gert að sæta sekt að upphæð kr. 100.000 til KSÍ.

Föstudaginn 14. maí barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá lögmanni VSE á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp sama dag. Áður en áfrýjunarfrestur rann út barst skrifstofu KSÍ frekari greinargerð ásamt fylgigögnum frá lögmann VSE.

III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 14. maí 2021. Með honum var Viktor Smári Elmarsson, þáv. leikmaður FH og núv. leikmaður KA, úrskurðaður í fimm leikja bann vegna meints brots, í æfingaleik Magna og Aftureldingar á Dalvíkurvelli þann 23. apríl 2021. Var það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikmaðurinn hafi með ummælunum „Polska drasl“ gerst brotlegur við ákvæði 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjandi krefst þess að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar verði hrundið og staðfest verði að áfrýjandi hafi ekki gerst brotlegur við gr. 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Mál þetta var rekið fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og nú áfrýjunardómstóli KSÍ í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Við meðferð málsins hjá aga- og úrskurðarnefnd var stuðst við skýrslu frá dómara af meintu atviki ásamt greinargerðum sem bárust annars vegar frá knattspyrnudeild Magna og hins vegar frá áfrýjanda.

Í skýrslu dómara leiksins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„...að Þjálfari Aftureldingar sagði mér að leikmaður Magna [Viktor Smári Elmarsson] sagði eithvað rasískt til leikmanni Aftureldingar, eins og "Polska drasll" en ég sem sagt, hef ekki heyrt neitt sjálf, þetta er bara það sem þjálfari sagði mér.“

Í greinargerð frá knattspyrnudeild Magna kemur m.a. eftirfarandi fram;

„Eftir leik Magna og Aftureldingar kom til orðaskipta leikmanns Aftureldingar og leikmanns Magna sem var lánsmaður frá KA (skráður í FH) að sjálfsgöðu ber Magni ábyrgð á öllum sínum leikmönnum sem spila fyrir félagið hverju sinni. Við munum aldrei bera neitt á móti því sem leikmaður Magna sagði eftir leik, slík hegðun er óafsakanleg og leikmanni til háborinnar skammar, einnig er þessi framkoma ömurleg fyrir alla sem koma að félaginu. [...] Forráðamenn Magna voru ekki á umræddum leik en fréttu af leiðindunum eftir leikinn símleiðis. Framkvæmdastjóri Magna Gísli Gunnar brást strax við og hringdi í þjálfara Aftureldingar og ræddu þeir alvarleika málsins, framkvæmdastjóri bað þjálfara, leikmenn, stjórn og að sjálfsgöðu leikmanninn sem varð fyrir aðkastinu innilegrar afsökunar.“

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er sett með stoð í 31. gr. laga KSÍ og samkvæmt agareglum FIFA (FIFA Disciplinary Code). Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr. Í 35. gr. agareglna FIFA er fjallað um sönnunargögn, mat á sönnunargögnum og sönnunarkröfu í agamálum. Af 3. mgr. sömu greinar verður ráðið að þær sönnunarkröfur sem þurfi að uppfylla í agamálum svo brot teljist nægjanlega sannað er að fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á sekt að mati úrskurðarvalds. Því ber aga- og úrskurðarnefnd ásamt áfrýjunardómstóli í tilvikum sem þessum að leggja mat á hvort fullnægjandi líkur séu á að áfrýjandi hafi gerst brotlegur við gr. 15.1. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Refsing við broti skv. nefndu ákvæði er þungbær og því er brýnt við heildarmat á sönnunargögnum að sönnunarkröfum sé fullnægt.

Í hinum áfrýjaða úrskurði byggir niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar m.a. á skýrslu dómara þar sem atvikum er lýst sem dómari verður ekki vitni að. Í skýrslunni eru leiddar líkur að því leikmaður Magna hafi sagt eitthvað rasískt við leikmann Aftureldingar án þess þó að fyrir liggi með óyggjandi hætti hver meint ummæli hafi í raun verið. Þá er framkoma leikmannsins hörnuð í greinargerð sem barst frá knattspyrnudeild Magna án þess að vitnað sé til brotlegra ummæla leikmanns auk þess sem fram kemur að forráðamenn knattspyrnudeildar Magna, er rita greinargerðina, voru ekki á umræddum leik og urðu því ekki vitni að atvikinu. Leikmaðurinn hefur sjálfur neitað því að hafa látið umrædd ummæli falla í þeim orðaskiptum er urðu á milli hans og leikmanns Aftureldingar þó hann viðurkenni óíþróttamannslega framkomu af sinni hálfu.

Það er mat dómsins að ekki liggi fyrir í gögnum málsins óyggjandi staðfesting á því hvaða orð leikmaður Magna lét falla við leikmann Aftureldingar enda kemur fram í skýrslu dómara að dómari varð ekki vitni að þeim orðaskiptum. Hefur dómari eftir þjálfara Aftureldingar að einhver rasísk ummæli hafi verið látin falla án þess að staðfest sé með skýrum hætti hvaða orð það voru. Dómurinn byggir sönnunarmat sitt á skýrslu dómara og öðrum þeim gögnum sem fram hafa verið lögð í málinu og með hliðsjón af þeim telur dómurinn ekki fullnægjandi sannað að Viktor Smári Elmarsson hafi viðhaft þau ummæli sem vísað er til í skýrslu dómara og verður hann því ekki talinn hafa gerst brotlegur við gr. 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Málinu var ekki áfrýjað af hálfu knattspyrnudeildar Magna en heimildin til að beita félagið sektum skv. gr. 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er afleidd af broti leikmanns samkvæmt greininni. Þar sem ósannað er að Viktor Smári hafi gerst brotlegur við gr. 15.1. í reglugerð um aga-

og úrskurðarmál skal sekt knattspyrnudeildar Magna á grundvelli hins áfrýjaða úrskurðar felld úr gildi

Með vísan til framangreinds er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um fimm leikja bann Viktors Smára Elmarssonar og bann frá Dalvíkurvelli á meðan bannið varir felldur úr gildi. Úrskurður um sekt knattspyrnudeildar Magna að upphæð kr. 100.000,- skal jafnframt felld úr gildi.

Dómsorð:

Felldur er úr gildi úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 14. maí sl. á hendur Viktori Smára Elmarssyni. Felldur er úr gildi úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 14. maí sl. á hendur knattspyrnudeild Magna.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]